

Sp. 104. Tillaga til þingsályktunar [102. mál]

um könnun á fjárhagsstöðu láglaunafólks og lífeyrisþega.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Jón Árm. Héðinsson,
Magnús H. Magnússon, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram sérstaka könnun á fjárhagsstöðu og afkomu láglaunafólks og lífeyrisþega, þar sem m. a. verði sérstaklega könnuð áhrif myntbreytingarinnar á hag þeirra sem lægst hafa launin.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðuflokksins, sem flytja þessa tillögu, vilja fá fram óbyggjandi upplýsingar um kjör láglaunafólks og lífeyrisþega til að auðvelda úrbætur er miði að því að tryggja afkomu þeirra Íslendinga sem búa við lökust kjör.

Í stefnuræðu forsætisráðherra, er hann flutti þinginu og þjóðinni hinn 25. október s. l., kom fram að ríkisstjórnin hefur ákveðið að láta fara fram sérstaka úttekt á fjárhagsstöðu bænda.

Flutningsmenn þessarar tillögu vilja á engan hátt gera lítið úr mikilvægi þess, að gerð verði úttekt á fjárhagsstöðu íslenskra bænda. Þeir eru hins vegar þeirrar skoðunar, að ekki sé síður brýnt að gera úttekt á fjárhagsstöðu láglaunafólks og lífeyrisþega á Íslandi. Slík úttekt mun áreiðanlega leiða ýmislegt athyglisvert í ljós og jafnframt á hún að geta verið mikilvæg leiðsögn um það, hvar brýnast sé að beita sér fyrir bættum kjörum og hvaða ráðstafanir skuli gera, þannig að tryggja megi sem best afkomu þeirra sem minnst mega sín.

Það er nú almennt viðurkennd staðreynd, að myntbreytingin varð til þess, að verð á ýmiss konar smávöru hækkaði mjög verulega frá því, sem verið hafði, og hlutfallslega margfalt meira en ýmis dýrari vara. Aldrei hefur verið kannað með neinum hætti, hve mikla kjararýrnun smávöruhækkunin hefur haft í för með sér. Æskilegt er að slík könnun fari fram.

Það er sannfæring flutningsmanna þessarar tillögu, að meðal láglaunafólks og lífeyrisþega á Íslandi séu kröpp kjör og fátækt almennari en margur hyggur, þrátt fyrir gnægta-þjóðfélagið. Úr því verður að bæta.